

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1222/2009

2012/EES/19/19

frá 25. nóvember 2009

um merkingu hjólbarða að því er varðar eldsneytisnýtingu og aðrar nauðsynlegar kennistærðir (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu-
bandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sjálfbær hreyfanleiki er mikilvægt viðfangsefni fyrir framkvæmdastjórnina í ljósi loftslagsbreytinga og þess að nauðsynlegt er að styðja samkeppnishæfni Evrópu eins og áhersla er lögð á í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 8. júlí 2008, sem ber heitið „Grænni flutningastarfsemi“.
- 2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 19. október 2006 sem ber heitið „Aðgerðaáætlun um orkunýtni – möguleikarnir nýttir“ var lögð áhersla á möguleikana á því að draga úr heildarorkunotkun um 20% fyrir 2020 með skrá yfir markvissar aðgerðir, þ.m.t. merking hjólbarða.
- 3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 7. febrúar 2007 sem ber heitið „Niðurstöður endurskoðunar á áætlun Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum“ var lögð áhersla á möguleikana á því að draga úr losun koltvísýrings með viðbótarráðstöfunum fyrir íhluti bifreiða sem hafa mest áhrif á eldsneytisnotkun, s.s. hjólbarða.
- 4) Um 20% til 30% af eldsneytisnotkun ökutækja má rekja til hjólbarða, einkum vegna snúningsmótstöðu þeirra. Lækkun snúningsmótstöðu getur því stuðlað umtalsvert að bættri orkunýtni í flutningum á vegum og þannig dregið úr losun.

5) Hjólbarðar einkennast af nokkrum kennistærðum sem tengjast innbyrðis. Ef ein kennistærð eins og snúningsmótstaða er bætt, kann það að hafa slæm áhrif á aðrar kennistærðir eins og veggrip á blautum vegi, á meðan aukið veggrip á blautum vegi getur haft neikvæð áhrif á ytri snúningshávaða. Hvetja skal hjólbarðaframleiðendur til að bæta allar kennistærðir umfram þau gæði sem þegar hafa náðst.

6) Eldsneytisnýtnir hjólbarðar eru kostnaðarhagkvæmir þar sem eldsneytissparnaðurinn gerir meira en að bæta upp fyrir hækkað kaupverð á hjólbörðum vegna aukins framleiðslukostnaðar.

7) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar almennt öryggi vélknúinna ökutækja, eftirvagna þeirra, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar ætluð í þau ⁽³⁾ eru settar fram lágmarkskröfur um snúningsmótstöðu hjólbarða. Tæknipróun gerir kleift að draga umtalsvert úr orkutapi vegna snúningsmótstöðu hjólbarða umfram þessar lágmarkskröfur. Til að draga úr umhverfisáhrifum flutninga á vegum er því rétt að mæla fyrir um ákvæði til að hvetja endanlega notendur til að kaupa eldsneytisnýtnari hjólbarða með því að veita samræmdar upplýsingar um þá kennistærð.

8) Umferðarhávaði veldur umtalsverðum óþægindum og hefur skaðleg áhrif á heilbrigði. Í reglugerð (EB) nr. 661/2009 eru settar fram lágmarkskröfur um ytri snúningshávaða frá hjólbörðum. Tæknipróun gerir kleift að draga umtalsvert úr ytri snúningshávaða umfram þessar lágmarkskröfur. Til að draga úr umferðarhávaða er því rétt að mæla fyrir um ákvæði til að hvetja endanlega notendur til að kaupa hjólbarða með litlum ytri snúningshávaða með því að veita samræmdar upplýsingar um þá kennistærð.

9) Með því að veita samræmdar upplýsingar um ytri snúningshávaða er einnig auðveldara að framkvæma ráðstafanir gegn umferðarhávaða og stuðla að aukinni vitund um áhrif hjólbarða á umferðarhávaða innan ramma tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB frá 25. júní 2002 um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu ⁽⁴⁾.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 228, 22.9.2009, bls. 81.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 22. apríl 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. nóvember 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og afstaða Evrópuþingsins frá 24. nóvember 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 189, 18.7.2002, bls. 12.

- 10) Í reglugerð (EB) nr. 661/2009 eru settar fram lágmarkskröfur um veggrip hjólbarða á blautum vegi. Tæknipróun gerir það kleift að auka veggrip á blautum vegi umtalsvert umfram þessar lágmarkskröfur og stytta þannig hemlunarvegalegd í bleytu. Til að auka umferðaröryggi er því rétt að mæla fyrir um ákvæði til að hvetja endanlega notendur til að kaupa hjólbarða með mikið veggrip á blautum vegi með því að veita samræmdar upplýsingar um þá kennistærð.
- 11) Miðlun upplýsinga um veggrip á blautum vegi endurspeglar ekki nauðsynlega meginframmistöðu hjólbarða sem hannaðir eru fyrir akstur í snjó og á ís. Með tilliti til þess að samræmdar prófunaraðferðir eru enn ekki til staðar að því er varðar slíka hjólbarða þykir rétt að kveða á um möguleika á því að breyta flokkun á veggripi þeirra síðar.
- 12) Miðlun upplýsinga um kennistærðir hjólbarða með stöðluðum merkimiða er líkleg til að hafa áhrif á ákvarðanir endanlegra notenda um kaup á öruggari, hljóðlátari og eldsneytisnýtnari hjólbörðum. Það er síðan líklegt til að hvetja hjólbarðaframleiðendur til að bæta þessar kennistærðir hjólbarða sem leggur grunn að enn sjálfbærri notkun og framleiðslu.
- 13) Mikill fjöldi reglna varðandi merkingar á hjólbörðum í aðildarríkjum myndi skapa hindranir fyrir viðskipti innan Bandalagsins og auka stjórnsýslubyrði og prófunarkostnað hjólbarðaframleiðenda.
- 14) Hjólbarðar til endurnýjunar teljast vera 78% af hjólbarðamarkaðinum. Því er rétt að upplýsa endanlega notendur um kennistærðir hjólbarða til endurnýjunar auk hjólbarða sem settir eru á ný ökutæki.
- 15) Þörfin fyrir meiri upplýsingar um eldsneytisnýtni hjólbarða og aðrar kennistærðir varðar neytendur jafnt sem stjórnendur ökutækjafloata og flutningafyrirtæki sem geta ekki auðveldlega borið saman kennistærðir hjólbarða með mismunandi vörueitum án merkinga og samræmds prófunarfyrirkomulags. Því er rétt að hjólbarðar í flokki C1, C2 og C3 falli undir gildissvið þessarar reglugerðar.
- 16) Orkumerkimiðinn sem skipar vörum á kvarða frá „A“ til „G“ sem notaður er á heimilistæki samkvæmt tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum⁽¹⁾ er vel þekktur meðal neytenda og hefur skilað árangri í að stuðla að bættri orkunýtingu heimilistækja. Nota skal sömu hönnun við merkingar á eldsneytisnýtni hjólbarða.
- 17) Með því að hafa merkimiða á hjólbörðum á sölustað, og einnig í tæknilegu kynningarefni, á að vera tryggt að dreifingaraðilar, ásamt hugsanlegum endanlegum notendum, fái samræmdar upplýsingar um eldsneytisnýtni hjólbarða, veggrip á blautum vegi og ytri snúningshávaða á þeim tíma og stað þegar ákvörðun um kaup er tekin.
- 18) Sumir endanlegir notendur velja hjólbarða áður en þeir koma á sölustað eða kaupa hjólbarða í póstverslun. Til að tryggja að þeir endanlegu notendur geti einnig tekið upplýsta ákvörðun á grundvelli samræmdra upplýsinga um eldsneytisnýtni hjólbarða, veggrip á blautum vegi og ytri snúningshávaða, skal hafa merkimiða í öllu tæknilegu kynningarefni, einnig þegar slíkt efni er gert aðgengilegt á Netinu. Tæknilegt kynningarefni felur ekki í sér auglýsingar á skiltum, dagblöðum, tímaritum, útvarpsútsendingum, sjónvarpi og sambærilegum miðlum á Netinu.
- 19) Veita skal hugsanlegum endanlegum notendum upplýsingar til skýringar á hverjum efnisþætti merkimiðans og þýðingu hans. Þessar upplýsingar skal veita í tæknilegu kynningarefni, til dæmis á vefsetri birgja.
- 20) Veita skal upplýsingar í samræmi við samræmdar prófunaraðferðir sem skulu vera áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar í því skyni að gera endanlegum notendum kleift að bera saman mismunandi hjólbarða og takmarka kostnað framleiðenda við prófanir.
- 21) Í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka öryggi flutninga á vegum geta aðildarríki komið á hvötum í þágu eldsneytisnýtnari, öruggari og hljóðlátari hjólbarða. Rétt þykir að ákvarða lágmarksflokka fyrir eldsneytisnýtni og veggrip á blautum vegi sem ekki má veita slíka hvata fyrir neðan til að komast hjá uppskiptingu innri markaðarins. Slíkir hvatar geta talist ríkisaðstoð. Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á niðurstöðu meðferðar ríkisaðstoðarmála í framtíðinni sem framkvæmd er í samræmi við 87. og 88. gr. sáttmálans að því er varðar slíka hvata og skal ekki taka til skattlagningar og efnahagsmála.
- 22) Það er nauðsynlegt að birgjar og dreifingaraðilar fari að ákvæðum um merkingar til að ná markmiðum þessara ákvæða og til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði innan Bandalagsins. Aðildarríki skulu því fylgjast með því að farið sé að ákvæðunum með markaðseftirliti og reglulegu eftirliti eftir á, einkum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum⁽²⁾.
- 23) Aðildarríki skulu, við framkvæmd viðkomandi ákvæða þessarar reglugerðar, ekki grípa til framkvæmdarráðstafana sem leggja óréttmætar, skrifræðislegar og þunglamalegar skyldur á litil og meðalstór fyrirtæki.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 297, 13.10.1992, bls. 16.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.

- 24) Birgjar og dreifingaraðilar hjólbarða skulu hvattir til að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar fyrir 2012 til að flýta fyrir því að merkimiðinn öðlist viðurkenningu og að ávinningur fái af honum.
- 25) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 26) Einkum skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til þess að innleiða kröfur að því er varðar flokkun á veggripi hjólbarða í flokki C2 og C3 á blautum vegi, til að taka upp flokkun á veggripi hjólbarða sem sérstaklega eru hannaðir fyrir snjó og ís og til að laga viðaukana, þ.m.t. prófunaraðferðir og tengd frávik, að tækni framförum. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 27) Endurskoða skal þessa reglugerð til að ákvarða skilning endanlegra notenda á merkimiðanum og getu þessarar reglugerðar til að ná fram breytingum á markaði,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið og viðfangsefni

1. Markmið þessarar reglugerðar er að auka öryggi og efnahagslega og umhverfislega skilvirkni flutninga á vegum með því að stuðla að eldsneytisnýtni og öryggi hjólbarða með lágt hávaðastig.
2. Með þessari reglugerð er settur rammi um veitingu samræmdra upplýsinga um kennistærðir hjólbarða á merkimiðum til að gera endanlegum notendum kleift að taka upplýsta ákvörðun um kaup á hjólbörðum.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um hjólbarða í flokki C1, C2 og C3.
2. Þessi reglugerð gildir ekki um:
 - a) sólaða hjólbarða,
 - b) torfæruhjólbarða fyrir fagmenn,

- c) hjólbarða sem einungis eru hannaðir til ásetningar á ökutæki sem voru fyrst skráð fyrir 1. október 1990,
- d) varahjólbarða af T-gerð til tímabundinnar notkunar,
- e) hjólbarða sem einungis eru ætlaðir til notkunar á hraða sem er undir 80 km/klst,
- f) hjólbarða þar sem nafnþvermál brúna er 254 mm eða minna eða 635 mm eða meira,
- g) hjólbarða sem búnir eru viðbótarbúnaði til að bæta gripeiginleika, svo sem neglda hjólbarða,
- h) hjólbarða sem aðeins eru hannaðir til ásetningar á ökutæki sem eingöngu eru ætluð til keppni.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „hjólbarðar í flokki C1, C2 og C3“: flokkar hjólbarða sem skilgreindir eru í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009,
2. „varahjólbarði af T-gerð til tímabundinnar notkunar“: varahjólbarði sem hannaður er til tímabundinnar notkunar með hærri loftþrýstingi en ákvarðaður hefur verið fyrir staðlaða og styrkta hjólbarða,
3. „sölustaður“: staður þar sem hjólbarðar eru til sýnis eða geymdir og boðnir endanlegum notendum til sölu, þ.m.t. bifreiðasýningarsalir með tilliti til hjólbarða sem boðnir eru endanlegum notendum til sölu en hafa ekki verið settir á ökutæki,
4. „tæknilegt kynningarefni“: tæknilegar handbækur, bæklingar, dreifibréf og vöruskrár (hvort sem er á prenti, rafrænar eða á Netinu) ásamt vefsetrum, sem ætlað er að markaðssetja hjólbarða til endanlegra notenda eða dreifingaraðila og lýsa sértækum tæknilegum kennistærðum hjólbarða,
5. „tæknigögn“: upplýsingar um hjólbarða, þ.m.t. framleiðandi og vöruheiti hjólbarðans; lýsing á gerð eða flokkun hjólbarðans sem ákvörðuð er fyrir yfirlýsingu um flokk eldsneytisnýtni, flokk veggrips á blautum vegi og flokk og mæligildi ytri snúningshávaða; prófunarskýrslur og prófunarnákvæmni,
6. „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir vöru eða hefur framleitt eða hannað vöru og markaðssetur vöruna undir sínu nafni eða vörumerki,
7. „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan Bandalagsins sem setur vöru frá þriðja landi á markað Bandalagsins,
8. „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Bandalaginu sem hefur skriflegt umboð frá framleiðanda til að koma fram fyrir hans hönd í tengslum við tilgreind verkefni með tilliti til skuldbindinga þess síðarnefnda samkvæmt þessari reglugerð,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

9. „birgir“: framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans í Bandalaginu eða innflytjandi,

5. gr.

10. „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en birgir eða innflytjandi, sem býður hjólbarða fram á markaði,

11. „að bjóða fram á markaði“: öll afhending vöru til dreifingar eða notkunar á markaði Bandalagsins á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

12. „endanlegur notandi“: neytandi og stjórnandi ökutækjafloata eða vegaflutningafyrirtæki sem kaupir eða mun væntanlega kaupa hjólbarða,

13. „nauðsynleg kennistærð“: kennistærð hjólbarða, t.d. snúningsmótstaða, veggrip á blautum vegi eða ytri snúningshávaði, sem hefur greinileg áhrif á umhverfið, umferðaröryggi eða heilbrigði við notkun.

4. gr.

Ábyrgð hjólbarðabirgja

1. Birgjar skulu sjá til þess að hjólbarðar í flokki C1 og C2 sem eru afhentir dreifingaraðilum eða endanlegum notendum:

a) séu búnir límmiða á hjólbarðasólanum sem á er merkimiði sem sýnir flokk eldsneytisnýtni sem settur er fram í A-hluta I. viðauka, flokk og mæligildi ytri snúningshávaða sem sett eru fram í C-hluta I. viðauka og, eftir atvikum, flokk veggrips á blautum vegi sem settur er fram í B-hluta I. viðauka,

eða

b) hafi, í hverri framleiðslulotu eins eða fleiri samskonar hjólbarða sem afhent er, prentaðan merkimiða sem sýnir flokk eldsneytisnýtni sem settur er fram í A-hluta I. viðauka, flokk og mæligildi ytri snúningshávaða sem sett eru fram í C-hluta I. viðauka og, eftir atvikum, flokk veggrips á blautum vegi sem settur er fram í B-hluta I. viðauka.

2. Sníð límmiðans og merkimiðans sem um getur í 1. mgr. skal vera eins og mælt er fyrir um í II. viðauka.

3. Birgjar skulu taka fram flokk eldsneytisnýtni, flokk og mæligildi ytri snúningshávaða og, eftir atvikum, flokk veggrips á blautum vegi fyrir hjólbarða í flokki C1, C2 og C3, í tæknilegu kynningarefni, þ.m.t. á vefsetrum sínum, eins og þeir eru settir fram í I. viðauka, í röðinni sem tilgreind er í III. viðauka.

4. Birgjar skulu gera tæknigögn tiltæk fyrir yfirvöld aðildarríkja eftir beiðni á tímabili sem lýkur fimm árum eftir að síðasti hjólbarði af tiltekinni gerð hjólbarða hefur verið settur á markað. Tæknigögn skulu vera nægilega ítarleg til að yfirvöldum sé kleift að sannreyna áreiðanleika upplýsinganna sem veittar eru á merkimiðanum að því er varðar eldsneytisnýtni, veggrip á blautum vegi og ytri snúningshávaða.

Ábyrgð dreifingaraðila hjólbarða

1. Dreifingaraðili skal sjá til þess:

a) að hjólbarðar, á sölustað, beri límmiðann sem birgjar leggja fram í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. á áberandi stað,

eða

b) að áður en hjólbarðinn er seldur sé merkimiðinn sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr. sýndur endanlegum notanda og hann sé sýndur með greinilegum hætti mjög nálægt hjólbarðanum á sölustað.

2. Ef hjólbarðar sem boðnir eru til sölu eru ekki sýnilegir endanlegum notanda skulu dreifingaraðilar veita endanlegum notendum upplýsingar um flokk eldsneytisnýtni, flokk veggrips á blautum vegi og flokk og mæligildi ytri snúningshávaða þessara hjólbarða.

3. Fyrir hjólbarða í flokki C1, C2 og C3 skulu dreifingaraðilar taka fram flokk eldsneytisnýtni, mæligildi ytri snúningshávaða og, eftir atvikum, flokk veggrips á blautum vegi sem settir eru fram í I. viðauka á eða meðfylgjandi reikningum sem afhentir eru endanlegum notendum þegar hjólbarðar eru keyptir.

6. gr.

Ábyrgð birgja ökutækja og dreifingaraðila ökutækja

Ef endanlegum notanda er boðið á sölustað að velja á milli mismunandi hjólbarða sem settir verða á nýtt ökutæki sem þeir hyggjast kaupa, skulu birgjar og dreifingaraðilar ökutækja veita þeim upplýsingar áður en salan fer fram, um alla hjólbarða í boði, varðandi flokk eldsneytisnýtni, flokk og mæligildi ytri snúningshávaða og, eftir atvikum, flokk veggrips á blautum vegi fyrir hjólbarða í flokki C1, C2 og C3 eins og þeir eru settir fram í I. viðauka og í þeirri röð sem sett er fram í III. viðauka. Þessar upplýsingar skulu í það minnsta vera innifaldar í tæknilegu kynningarefni.

7. gr.

Samræmdar prófunaraðferðir

Upplýsingarnar sem veita skal skv. 4., 5. og 6. gr. um flokk eldsneytisnýtni, flokk og mæligildi ytri snúningshávaða og flokk veggrips á blautum vegi skulu fengnar með því að beita samræmdu prófunaraðferðunum sem um getur í I. viðauka.

8. gr.

Sannprófunaraðferð

Aðildarríki skal meta samræmi yfirlýstra flokka eldsneytisnýtni og veggrips á blautum vegi í skilningi A og B-hluta I. viðauka og yfirlýsts flokks og mæligildis ytri snúningshávaða í skilningi C-hluta I. viðauka í samræmi við aðferðina sem sett er fram í IV. viðauka.

9. gr.

Innri markaðurinn

1. Ef kröfurnar í þessari reglugerð eru uppfylltar skulu aðildarríki hvorki banna né takmarka að hjólbarðar sem um getur í 2. gr. séu boðnir fram á markaði á grundvelli vöruupplýsinga.

2. Ef aðildarríki hefur ekki vísbendingar um hið gagnstæða skal það líta svo á að merkimiðar og vöruupplýsingar séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Þau geta farið fram á að birgjar leggi fram tæknigögn í samræmi við 4. mgr. 4. gr. í því skyni að meta áreiðanleika yfirlýstra gilda og flokka.

10. gr.

Hvatar

Aðildarríki skulu ekki veita hvata að því er varðar hjólbarða í lægri flokki en C-flokki með tilliti til annað hvort eldsneytisnýtni eða veggrips á blautum vegi í skilningi A- og B-hluta I. viðauka eftir því sem við á. Skattlagning og ráðstafanir er varða skattamál teljast ekki hvatar að því er varðar þessa reglugerð.

11. gr.

Breytingar og aðlögun að tækniframförum

Eftirfarandi ráðstafanir, sem er ætlað að breyta þeim þáttum þessarar reglugerðar sem ekki teljast grundvallaratriði, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 13. gr.:

- innleiðing á kröfum um upplýsingar að því er varðar flokkun veggrips hjólbarða í flokki C2 og C3 á blautum vegi, að því tilskildu að viðeigandi samræmdar prófunar-aðferðir séu fyrir hendi,
- aðlögun, ef við á, flokkunar á veggripi að tækniforskriftum hjólbarða sem fyrst og fremst er ætlað að skila betri frammistöðu á ís og/eda í snjó en venjulegur hjólbarði að því er varðar getu þeirra til að hefja, viðhalda eða stöðva hreyfingu ökutækis,
- aðlögun I. til IV. viðauka að tækniframförum.

12. gr.

Framkvæmd

Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008 skulu aðildarríki sjá til þess að yfirvöld sem bera ábyrgð á markaðseftirliti sannprófi að farið sé að 4., 5., og 6. gr. þessarar reglugerðar.

13. gr.

Nefndarmeðferð

- Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
- Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

14. gr.

Endurskoðun

- Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á þörf fyrir endurskoðun þessarar reglugerðar með tilliti til, m.a.:
 - árangurs merkimiðans að því er varðar vitund endanlegra notenda, einkum hvort ákvæði b-liðar 1. mgr. 4. gr. séu eins áhrifarík og ákvæði a-liðar 1. mgr. 4. gr. við að ná fram markmiðum þessarar reglugerðar,
 - hvort merkingakerfið skuli rýmkað til að ná yfir sólaða hjólbarða,
 - hvort innleiða skulu nýjar kennistærðir hjólbarða, t.d. endingu,
 - upplýsinga um kennistærðir hjólbarða sem birgjar og dreifingaraðilar ökutækja veita endanlegum notendum.

- Framkvæmdastjórnin skal leggja niðurstöðu þessa mats fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 1. mars 2016 og, ef við á, leggja tillögur fyrir Evrópuþingið og ráðið.

15. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Ákvæði 4. til 5. gr. gilda ekki um hjólbarða sem framleiddir eru fyrir 1. júlí 2012.

16. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi gildir frá 1. nóvember 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 25. nóvember 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BUZEK

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

Å. Torstensson

forseti.

I. VIÐAUKI

FLOKKUN Á KENNISTÆRÐUM HJÓLBARÐA

A-hluti: Flokkar eldsneytisnýtni

Ákvarða skal flokk eldsneytisnýtni á grundvelli reiknistuðuls snúningsmótstöðu (RRC) samkvæmt kvarðanum „A“ til „G“ sem tilgreindur er hér á eftir og mældur í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 117 og síðari breytingar á henni.

Ef gerð hjólbarða er samþykkt í fleiri en einum flokki hjólbarða (t.d. C1 og C2) skal nota þann flokkunarkvarða við ákvörðun flokks eldsneytisnýtni þessarar gerðar hjólbarða sem á við hæsta flokk hjólbarða (t.d. C2 ekki C1).

Hjólbarðar í flokki C1		Hjólbarðar í flokki C2		Hjólbarðar í flokki C3	
RRC í kg/t	Orkunýtniflokkur	RRC í kg/t	Orkunýtniflokkur	RRC í kg/t	Orkunýtniflokkur
$RRC \leq 6,5$	A	$RRC \leq 5,5$	A	$RRC \leq 4,0$	A
$6,6 \leq RRC \leq 7,7$	B	$5,6 \leq RRC \leq 6,7$	B	$4,1 \leq RRC \leq 5,0$	B
$7,8 \leq RRC \leq 9,0$	C	$6,8 \leq RRC \leq 8,0$	C	$5,1 \leq RRC \leq 6,0$	C
Autt	D	Autt	D	$6,1 \leq RRC \leq 7,0$	D
$9,1 \leq RRC \leq 10,5$	E	$8,1 \leq RRC \leq 9,2$	E	$7,1 \leq RRC \leq 8,0$	E
$10,6 \leq RRC \leq 12,0$	F	$9,3 \leq RRC \leq 10,5$	F	$RRC \geq 8,1$	F
$RRC \geq 12,1$	G	$RRC \geq 10,6$	G	Autt	G

B-hluti: Flokkar veggrips á blautum vegi

Ákvarða skal flokk veggrips á blautum vegi á grundvelli stuðuls veggrips á blautum vegi (G) samkvæmt kvarðanum „A“ til „G“ sem tilgreindur er hér á eftir og mældur í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 117 og síðari breytingar á henni.

G	Flokkur veggrips á blautum vegi
$1,55 \leq G$	A
$1,40 \leq G \leq 1,54$	B
$1,25 \leq G \leq 1,39$	C
Autt	D
$1,10 \leq G \leq 1,24$	E
$G \leq 1,09$	F
Autt	G

C-hluti: Flokkar og mæligildi ytri snúningshávaða

Mæligildi ytri snúningshávaða (N) skal gefið upp í desíbelum og reiknað í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 117 og síðari breytingar á henni.

Flokkar ytri snúningshávaða skulu ákvarðaðir á grundvelli viðmiðunarmarkanna (LV) sem sett eru fram í C-hluta II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 661/2009 sem hér segir.

N í dB

Flokkur ytri snúningshávaða



$N \leq LV - 3$



$LV - 3 < N \leq LV$




$N > LV$

—


II. VIÐAUKI
SNÍÐ MERKIMIÐANS

1. Hönnun merkimiða

1.1. Merkimiðinn sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. verður að vera í samræmi við teikninguna hér fyrir neðan:



1.2. Hér á eftir er að finna forskrift fyrir merkimiðann:



1.3. Merkimiðinn verður að vera minnst 75 mm á breidd og 110 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði verður efni hans eftir sem áður að vera í réttu hlutfalli við forskriftina hér á undan.

1.4. Merkimiðinn skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Notuð er CMYK-litaskipan – blár, blárauður, gulur og svartur – í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur,
- Tölurnar hér á eftir vísa til skýringartextans í lið 1.2:

1 *Eldsneytisnýtni*

Skýringarmynd eins og sýnd er: breidd: 19,5 mm, hæð: 18,5 mm – Rammi fyrir skýringarmynd: strik: 3,5 pt, breidd: 26 mm, hæð: 23 mm – Rammi fyrir flokkun: strik: 1 pt – Endi á ramma: strik: 3,5 pt, breidd: 36 mm – Litur: X-10-00-05,

2 *Veggrip á blautum vegi*

Skýringarmynd eins og sýnd er: breidd: 19 mm, hæð: 19 mm – Rammi fyrir skýringarmynd: strik: 3,5 pt, breidd: 26 mm, hæð: 23 mm – Rammi fyrir flokkun: strik: 1 pt – Endi á ramma: strik: 3,5 pt, breidd: 26 mm – Litur: X-10-00-05,

3 *Ytri snúningshávaði*

Skýringarmynd eins og sýnd er: breidd: 14 mm, hæð: 15 mm – Rammi fyrir skýringarmynd: strik: 3,5 pt, breidd: 26 mm, hæð: 24 mm – Rammi fyrir gildi: strik: 1 pt – Endi á ramma: strik: 3,5 pt, hæð: 24 mm – Litur: X-10-00-05,

4 *Rammi merkimiða: strik: 1,5 pt – Litur: X-10-00-05,***5** *Kvarðinn „A“ til „G“*

Örvar: hæð: 4,75 mm, bil: 0,75 mm, svart strik: 0,5 pt – litir:

—A: X-00-X-00,

—B: 70-00-X-00,

—C: 30-00-X-00,

—D: 00-00-X-00,

—E: 00-30-X-00,

—F: 00-70-X-00,

—G: 00-X-X-00.

Texti: Helvetica Bold 12 pt, 100% hvítt, svört útlína: 0,5 pt,

6 *Flokkun*

Ör: breidd: 16 mm, hæð: 10 mm, 100% svartur,

Texti: Helvetica Bold 27 pt, 100% hvítur,

7 *Línur á kvarða: strik: 0,5 pt, punktalína: 5,5 mm, 100% svartur,***8** *Texti kvarða: Helvetica Bold 11 pt, 100% svartur,***9** *Mæligildi ytri snúningshávaða*

Ör: breidd: 25,25 mm, hæð: 10 mm, 100% svartur,

Texti: Helvetica Bold 20 pt, 100% hvítur,

Texti einingar: Helvetica Bold 13 pt, 100% hvítur,

10 *Merki ESB: breidd: 9 mm, hæð: 6 mm,***11** *Tilvísun í reglugerð: Helvetica Regular 7,5 pt, 100% svartur,*

Tilvísun í flokk hjólbarða: Helvetica Bold 7,5 pt, 100% svartur,

12 *Flokkur ytri snúningshávaða eins og um getur í C-hluta I. viðauka: breidd: 8,25 mm, hæð: 15,5 mm – 100% svartur*

c) Bakgrunnur verður að vera hvítur.

1.5. Flokkur hjólbarða (C1 eða C2) verður að vera tilgreindur á merkimiðanum með sniðinu sem kveðið er á um á skýringarmyndinni í lið 1.2.

2. Límmiði

- 2.1. Límmiðinn sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. skiptist í tvo hluta: i. merkimiða sem prentaður er með sniðinu sem lýst er í 1. lið þessa viðauka og ii. pláss fyrir vöruheiti sem prentað er í samræmi við nákvæma skilgreiningu í lið 2.2 í þessum viðauka:
- 2.2. Pláss fyrir vöruheiti: Birgjar verða að bæta viðskiptaheiti eða vöruerki sínu, vörulínu hjólbarða, hjólbarðastærð, hleðslutölu, hraðamerkingum og öðrum tækniforskriftum á límmiðann ásamt merkimiðanum, í hvaða lit, sniði og hönnun sem er, að því tilskildu að það dragi ekki úr eða trufla skilaboðin á merkimiðanum sem skilgreindur er í 1. lið þessa viðauka. Heildarflatarmál límmiðans skal ekki vera meira en 250 cm² og heildarhæð límmiðans skal ekki vera meiri en 220 mm.

*III. VIÐAUKI***Upplýsingar sem veita skal í tæknilegu kynningarefni**

1. Upplýsingar um hjólbarða skulu gefnar í eftirfarandi röð:
 - i. flokkur eldsneytisnýtni (bókstafir „A“ til „G“),
 - ii. flokkur veggrips á blautum vegi (bókstafir „A“ til „G“),
 - iii. flokkur ytri snúningshávaða og mæligildi (dB).

2. Upplýsingarnar sem gefnar eru í 1. lið verða að uppfylla eftirtaldar kröfur:
 - i. vera auðlæsilegar,
 - ii. vera auðskiljanlegar,
 - iii. ef önnur flokkun er tiltæk fyrir tiltekna gerð hjólbarða með hliðsjón af stærð eða öðrum kennistærðum, skal tilgreina sviðið allt frá verstu til bestu frammistöðu hjólbarða.

3. Birgjar skulu einnig gera eftirfarandi tiltækt á vefsetrum sínum:
 - i. tengil á viðkomandi vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar fyrir þessa reglugerð,
 - ii. útskýringar á skýringarmyndunum sem prentaðar eru á merkimiðann,
 - iii. yfirlýsingu þar sem lögð er áhersla á að raunverulegur eldsneytissparnaður og umferðaröryggi eru mjög háð hegðun ökumanna og einkum eftirfarandi:
 - vistakstur getur dregið umtalsvert úr eldsneytisnotkun,
 - kannu skal þrýsting í hjólbörðum reglulega til að hámarka frammistöðu hvað varðar veggrip á blautum vegi og eldsneytisnýtni,
 - ætíð skal taka írasta tillit til stöðvunarvegalengdar,

*IV. VIÐAUKI***Sannprófunaraðferð**

Meta skal samræmi yfirlýstra flokka eldsneytisnýtni og veggrips á blautum vegi ásamt yfirlýstum flokki og mæligildi ytri snúningshávaða fyrir hverja gerð hjólbarða eða hvern flokk hjólbarða eins og hann er ákvarðaður af birgi, samkvæmt einni af eftirfarandi aðferðum:

- a) i. fyrst er stakur hjólbarði prófaður. Ef mæligildið fullnægir yfirlýstum flokki eða mæligildi ytri snúningshávaða er prófinu náð,

og

- ii. ef mæligildið fullnægir ekki yfirlýstum flokki eða mæligildi ytri snúningshávaða eru þrjár hjólbarðar til viðbótar prófaðir. Meðalgildi mælinganna eftir prófanir á fjórum hjólbörðum er notað til að meta samræmi við þær upplýsingar sem gefnar hafa verið upp,

eða

- b) ef merktir flokkar eða gildi leiða af niðurstöðum úr gerðarviðurkenningarprófunum sem fengnar eru í samræmi við tilskipun 2001/43/EB, reglugerð (EB) nr. 661/2009 eða reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 117 og síðari breytingar á henni, geta aðildarríki notað gögn um samræmi framleiðslu á hjólbörðum úr þessum gerðarviðurkenningum.

Samræmismat á framleiðslugögnum verður að taka tillit til frávika sem tilgreind eru í 8. lið reglugerðar efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 117 og síðari breytingum á henni.
